


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	<b>MYL112- Hönnun og hugmyndavinna</b>	<b>Kennsluáætlun vor 2010</b>
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

<b>Kennarar</b>	Arna Valsdóttir	AVA	<a href="mailto:arna@vma.is">arna@vma.is</a>
	Véronique Legros	VER	<a href="mailto:vero@vma.i">vero@vma.i</a>

Viðtalstímar á kennarastofu listnámsbrautar: Véronique – Miðvikudag kl. 9.55-10.35,  
Arna – Föstudag kl. 09.55-10.35

**Áfangalýsing:** Í áfanganum kynnist nemandinn ákveðnum aðferðum til þess að virkja hugmyndir sínar og þróa. Nemandinn lærir að gera hugkort og beita synektískum aðferðum við hugmyndavinnu. Hann lærir að nota hugstormun ( brainstorming ) til þess að fanga hugmyndir og virkja hugmyndatengsl. Lögð er áhersla á þróun hugmynda og leit eftir nýjum sjónarhornum/samhengi. Nemandinn skoðar margvíslegar útfærsluleiðir og vinnur innsetningarverk út frá eigin hugmynd. Nemandinn vinnur að hugmyndavinnu í hóp og skilar minnst 1 hópverkefni.

#### Nemandinn:

- ❖ Hannar eigin hugmyndamöppu
- ❖ Safnar í hugmyndabanka og skráir eigið vinnu og hugmyndaferli
- ❖ Tekur viðtal við hlut - ritgerð
- ❖ Leysir 4 stærri hönnunarverkefni

#### Markmið: að nemandinn ...

- þjálfri **opna, leikandi og leitandi hugsun**
- nái tókum á ferlinu **hugmynd - úrvinnsla - afurð**
- skýri hugmyndir sínar á munnlegan, skriflegan og myndrænan hátt
- vinni hugmyndavinnu í hóp
- sýni hæfni til að **þróa hugmyndir**
- sýni **sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauði í vinnubrögðum**
- þekki hugtökin **hugkort, hugstormun, þemavinna, synektík**
- vinni **innsetningarverk og videomálverk**
- **Læri að þekkja eigið hugmyndavinnuferli**

#### Áætlun um yfirferð:

Fyrstu 2 vikur annarinnar kynnumst við Hugkortagerð (Mind Mapping) og æfum okkur í að nota þau. Við þjálfum okkur líka í „Brainstorming“ eða Hugstormun sem er þýðingarmikill þáttur í allri hugmyndavinnu og kynnumst aðferðum í þemavinnu.

Í framhaldi er áfanganum skipt í 4 lotur þar sem nemendur vinna fjögur hugmyndaverkefni. Athugið að mikið er lagt upp úr persónulegri útfærslu á hugmyndum og því að nemendur nýti eigin færni og þekkingu til framsetningar og beiti margvíslegum miðlum.

Áhersla er lögð á það að allt vinnuferli sé sýnilegt í lok áfanga. Skráið hjá ykkur hvar hugmyndir fæðast og hvernig þær þróa.

Geymið allt riss og skissur, takið ljósmyndir eða video og skráið ferlið með öllum tiltækum ráðum. Geymið allar hugmyndir, ekki bara þær sem þið vinnið meira með. Oft eru bestu hugmyndirnar þær sem virðast ómerkilegar í upphafi.

